

Fundargerð 149. fundur stjórnar Fræðslusjóðs

Haldinn þriðjudaginn 5. maí 2026 kl. 13:00 - 14:30

Fundurinn er fjarfundur

Mætt: Inga Dóra Halldórsdóttir formaður, Finnbogi Sveinbjörnsson, Gylfi Jónu Arnbjarnarson, Karl Rúnar Þórsson, Maj-Britt Hjördís Briem, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ólafur Garðar Halldórsson, Sigurbjörn Árni Snæbjörnsson.

Gestur: Gunnar Þorvarðarson, löggiltur endurskoðandi Deloitte og Svava Dís Guðmundsdóttir.

Frá FA: Hildur Betty Kristjánsdóttir, Björn Garðarsson

Formaður bauð stjórnarfólk velkomið og þá sérstaklega Söru Dögg Svanhildardóttur en hún kemur í stað Bergþóru Guðjónsdóttur sem voru þökkuð vel unnin störf og góð kynni.

1. Fundargerð síðasta fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin hefur verið samþykkt og undirrituð rafrænt

2. Ársreikningur og Ársskýrsla Fræðslusjóðs. (Fskj 02 Ársreikningur og fskj. 02 Ársskýrsla)

Afgreiðsla: Svava Dís Guðmundsdóttir hjá Deloitte fór yfir ársreikninginn.

Að ósk stjórnar var eftirfarandi skýringu bætt í reikninginn: *Við endurúthlutun fjármagns á haustmánuðum 2025 voru gerð mistök sem leiddu til þess að úthlutað var umfram greiðslugetu sjóðsins. Afleiðingin var að sjóðurinn gat ekki staðið að fullu við skuldbindingar sínar í árslok. Var mismunurinn alls 67,8 milljónir. Stjórn ákvað að þessu yrði mætt með því að fella niður úthlutun til þróunarverkefna á árinu 2026 og skerða framlög til samstarfsaðila samtals um sömu upphæð. Jafnframt var MRN upplýst um málið og afgreiðslu þess.*

Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu endurskoðenda.

Reikningurinn var samþykktur af stjórn og sendur til rafrænnar undirritunar.

Framkvæmdastjóri Fræðslumiðstöðvarinnar fór yfir ársskýrslu Fræðslusjóðs. Ekki komu fram athugasemdir og var hún samþykkt.

3. Staðan hjá fræðsluaðilum – Lagt fram á fundi

Um miðjan mars s.l. var óskað eftir upplýsingum frá fræðsluaðilum um stöðu og framtíðarhorfur í haust.

Nokkuð misjafnt er hvernig staðan er, en heilt yfir eru margir fræðsluaðilar langt komnir með að fullnýta úthlutun ársins 2026 núna á vorönn. Samkvæmt svörum þeirra er má ætla að þörfin sé nærri 200 milljónir í haust.

4. Viðbótarframlag 60.000 frá mrn. – Lagt fram á fundi til kynningar.

Formaður stjórnar Fræðslusjóðs, formaður og varaformaður stjórnar Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ásamt framkvæmdastjóra og fjármálastjóra FA áttu fund með fulltrúum mennta- og barnamálaráðuneytisins (MRN) í apríl þar sem m.a. svör fræðsluaðila sbr. liður 3 voru kynnt.

Í framhaldinu bárust svör frá MRN. Þar kom fram að 60 milljóna viðbótarframlagi yrði veitt til Fræðslusjóðs 2026 ásamt hugmyndum ráðuneytisins um ráðstöfun þess. Tekið skal skýrt fram að þetta er einskiptisaðgerð og er ekki framlag sem fer á fjármálaáætlun fyrir árið 2027.

Formaður stjórnar í samstarfi við FA hefur útfært nánari tillögur til MRN sem miða að sem bestri og skilvirkastri nýtingu fjármunanna. Ekki hafa komið viðbrögð frá MRN við þeim tillögum á þessari stundu.

Formanni falið að fylgja málinu eftir.

5. Fjármögnun sjóðsins 2027 - er hægt að kíkja í pakkann? Hvað sést? Er hægt að berjast fyrir hækkun framlags?

Ekki eru komnar fram neinar upplýsingar um framlög í Fræðslusjóðs 2027, en samkvæmt því sem lesa má úr fjármálaáætlun má áætla að ekki verði verulegar breytingar á fjármögnun sjóðsins frá því sem nú er.

Mikilvægt er að þau félög og samtök sem tilnefna stjórnarmenn í sjóðinn beiti sér fyrir auknum framlögum til hans þar sem fyrir liggur að fræðsluaðilar sækja um mun meira fjármagn ár hvert en er til ráðstöfunar úr Fræðslusjóði.

Ekki fleira gert.

Fundi slitið.